

14. janúar 1965.

1

Nr. 1

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Elliðavatns.

1. Félagið heitir Veiðifélag Elliðavatns. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vötnum frá Stíflu í ósum Elliðaáa, og þaðan, eins og vötn falla, í Silungapoll, Nátthagavatn og að vaði í Ós við austurhorn Sólheimagirðingar, skammt fyrir neðan Selvatn, en þessar jarðir eru:

Vatnsendi,
Elliðavatn,
Hólmur,
Gunnarshólmi,
Elliðakot,
Geitháls,
Lækjarbotnar,
Sólheimar.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu, og engin önnur veiðiaðferð en stangaveiði er leyfileg.
4. Eingöngu jarðeigendur á félagssvæðinu eða fulltrúar þeirra, geta orðið atkvæðisbærir félagar, en þeim, sem hafa öðlzt veiðiréttindi með löndum á svæðinu, er heimilt að gerast meðlimir í félaginu, en þá án atkvæðisréttar.
5. Stjórn félagsins skipa fjórir menn, formaður, framkvæmdastjóri og tveir meðstjórnendur.

Skulu þeir kosnir á aðalfundi til fjögurra ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, framkvæmdastjóri eftir þrjú ár og hinn meðstjórnandi eftir fjögur ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í fjögur ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

Þeir félagar, sem ekki eru atkvæðisbærir, skulu hafa rétt til að eiga fulltrúa, er fylgist með ráðstöfunum stjórnarinnar, og mæti á fundum hennar.

6. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins, framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum störfum, veiði á félagssvæðinu og fjárreiðum félagsins.
7. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðisvæði, veiðitíma og veiðtæki, svo og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

B 1

8. Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
9. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.
10. Arði af sameignlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.
11. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins þannig:
Jarðeigendur greiði 20% af andvirði seldra veiðileyfa. Eigendur veiðiréttinda, aðrir en jarðeigendur, greiði kr. 200.00 á ári.
12. Allur kostnaður af starfsemi félagsins greiðist úr félagssjóði.
13. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.
14. Samþykkt þessi skal gilda um þriggja ára tímabil, en að þeim tíma liðnum koma til endurskoðunar eða endurnýjunar á aðalfundi félagsins.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. janúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um holræsi á Akranesi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Akraness, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarstjórn ákveður lagningar holræsa, aðalæða og götuæða.
Bæjarverkfræðingur sér um daglegan rekstur holræsakerfis bæjarins.

3. gr.

Hverjum þeim, sem á húseign, sem hægt er að tengja við holræsakerfi bæjarins, er skylt að tengja þá húseign við holræsakerfið eftir því sem nánar er tekið fram í reglugerð þessari.

Ef eigi er unnt eða ekki talið ráðlegt að dómi bæjarverkfræðings að tengja hús við holræsakerfið, ber að haga frágangi frárennislagna svo sem fyrir er mælt í 32. gr.

4. gr.

Hyggist húseigandi tengja ræsi frá húsi sínu við holræsakerfi bæjarins eða gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi hjá bæjarverkfræðingi.